

Alur Álvinnsla ehf.
Klafastaðavegi 4
301 Akranes

Reykjavík, 7. júlí 2022
UST202102-379/H.E.
08.07.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 8. september 2021 í Al álvinnslu.

Þann 8. September 2021 fór fram eftirlit í Al álvinnslu á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

[staða eldri fráviks ef við á]

Rekstraraðili vinnur að úrbótum eldri fráviks varðandi útflutning á saltköku, frágang lóðar og styrk vetnisflúoríðs í útblæstri

Þrjú ný frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Útblástursmælingar skulu gerðar tvisvar sinnum á ári en einungis ein mæling var framkvæmd árið 2020.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi og reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Útstreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí ár hvert fyrir rekstrarárið á undan. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2020 var skilað inn 3. Júní sl. og telst úrbótum vegna frávikisins því lokið.
3. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Styrkur vetnisflúoríðs mældist yfir starfsleyfismörkum í útblástursmælingum 2020 og 2021. Styrkurinn mældist 22,5 mg/Nm³ í nóvember 2020 og 6,5 mg/Nm³ í september 2021. Starfsleyfismörk fyrir flúorefnasambönd eru 2,5 mg/Nm³. Sambærilegt frávik var skráð í eftirliti 2016 og 2019 og hefur rekstraraðili kynnt tilraunir til úrbóta.

Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í tölulið 1 og 3 í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7. ágúst 2022.

Virðingarfyllst,

Halla Einarsdóttir
Teymisstjóri

Margrét Helga Guðmundsdóttir
Sérfræðingur